



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

### **Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um umferðamál**

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 11. janúar sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

*Flokkur fólksins hefur ítrekað lagt til s.l. 4 ár að farið verði að skoða ljósastýringar í borginni og bæta og laga erfiðustu gatnamótin með ýmsum leiðum sem stungið hefur verið upp á í gegnum tíðina. Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvort skipulagsyfirlögd séu með einhverjar hugmyndir í farvatninu sem létt geta á umferð s.s. að bæta ljósastýringar þar sem verst lætur? Hvaða aðgerðir eru í gangi hjá borginni til að draga úr umferðarteppu? Þegar horft er til samgöngumála er ekki um marga valkosti að ræða. Borgarlína verður ekki komin og farin að virka fyrr en eftir nokkur ár. Komu hennar hefur verið seinkað eins og allir vita. Strætósamgöngur er slakar og hefur dregið úr þjónustu sérstaklega eftir að nýja greiðslukerfið kom. Margir treysta sér ekki til að nota það. Þeir sem hefðu getað nýtt sér einstaka ferð með strætó finna aðrar leiðir, taka jafnvel frekar leigubíl, þeir sem hafa ráð á því þ.e.a.s. þar sem ekki tekur því að setja sig inn í Klapp kerfið eða taka sér ferð á hendur á á bækistöð Strætó til að kaupa sér Klapp tíu. Klapp tíu er aðeins fyrir annaðhvort fullorðna, ungmenni (12-17 ára) eða aldraða (67+).*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar þann 25. janúar sl.

Svar:

Stofnvegir eru í eigu og umsjón Vegagerðarinnar og eru því allar breytingar á stofnvegum gerðar í samvinnu við Vegagerðina. Sífelld er verið að leita leiða til að auka umferðaröryggi og bæta flæði umferðar. Þegar hefur verið farið í nokkrar aðgerðir og má þar nefna að beygjuvasar hafa verið stækkaðir og lengdir t.a.m. af Reykjanesbraut yfir á Bústaðaveg og af Bústaðavegi á Kringlumýrarbraut til suðurs.

Árið 2020 var ráðgjafafyrirtækið Sweco fengið til að gera úttekt á ljósastýringarkerfi höfuðborgarsvæðisins. Í kjölfar skýrslu Sweco á stöðu ljósastýringarkerfisins var stofnaður samstarfshópur í umferðarljósastýringum með fulltrúum allra veghaldara á höfuðborgarsvæðinu. Samstarfshópurinn hefur það markmið að vinna úr skýrslunni og setja



Reykjavíkurborg

fram aðgerðaáætlun til að bæta umferðarljósastýringu á höfuðborgarsvæðinu. Eitt markmið aðgerðaáætlunarinnar kallast *Beiting ITS-lausna við umferðarljósastýringar*. Haustið 2022 var sett af stað verkefni um endurskoðun ljósastýringar á helstu ljósastýrðu gatnamótum höfuðborgarsvæðisins. Í þessari vinnu er m.a. áætlað að endurskoða og yfirfara græntímaskiptingar, græna bylgju og skynjara með það að markmiði að bæta umferðarflæði. Áætluð verklok greiningarvinnu á þessum þáttum eru í lok árs 2023.

Virðingarfyllt,  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
*samgöngustjóri*